

Mánudaginn 31. október 1988.

Nr. 293/1987. **Jón Ingi Guðjónsson**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Kristínu Jónasdóttur

(Arnmundur Backman hrl.)

Fjárnám fellt úr gildi. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1987.

Dómkröfur hans eru að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefndu, áfrýjuð fjárnámgerð verði úr gildi felld og stefndu gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og henni tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar er um að ræða uppsagnarbréf áfrýjanda til vitnisins Valgerðar H. Eyjólfsdóttur, dags. 31. maí 1984, og kvittanir Valgerðar fyrir launum á þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Stefnda telur að henni hafi verið vísað úr starfi vegna deilna um launakjör í lok mars 1984. Vitninu Valgerði H. Eyjólfsdóttur hafi verið sagt upp af sömu ástæðum. Stefnda krefst því launa á þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Áfrýjandi hefur algjörlega mótmælt því, að stefndu hafi verið vísað úr starfi, heldur hafi hún hætt störfum af heimilisástæðum hennar sjálfrar. Stefnda hefur ekki komið fyrir dóm og staðfest aðilaskýrslu gefna utan réttar. Fram er komið, að hún hættir störfum á öðrum tíma en vitnið Valgerður H. Eyjólfsdóttir og að áfrýjandi sagði Valgerði upp skriflega og með fyrirvara. Gegn andmælum áfrýjanda verður eigi talið sannað, að stefndu hafi verið vísað úr starfi og verður því áfrýjandi þegar af þeim ástæðum sýknaður af öllum kröfum stefndu. Af því leiðir að áfrýjað fjárnám er úr gildi fellt.

Samkvæmt málavöxtum er rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Jón Ingi Guðjónsson, skal sýkn af öllum kröfum stefndu, Kristínar Jónasdóttur, í máli þessu.

Fjárnámsgerð frá 24. september 1987 í Helgafellsbraut 31, Vestmannaeyjum, er úr gildi felld.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 9. júní 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f.m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. mars 1985, en birtri 6. mars s.á. af Kristínu Jónasdóttur, nnr. 5759-4179, Blikastöðum, Mosfellssveit, á hendur Jóni Inga Guðjónssyni verslunarmanni, nnr. 5134-4618, Helgafellsbraut 31, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 56.699,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987 og með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaður verði látinn niður falla.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

Málsaðiljar eru ósammála um málavexti en þeim þykir mega lýsa þannig: Í marsmánuði 1983 hóf stefnandi afgreiðslustörf í söluturni stefnda „Bladaturnum“ sem stefnandi rekur sem einkafyrirtæki hér í bæ. Ekki gerði stefndi skriflegan ráðningarsamning við stefnanda, en virðist í upphafi hafa samið við þennan starfsmann sinn um vinnutilhögun og launakjör. Eftir því sem fram kemur hjá stefnanda mun stefnandi hafa unnið frá 20. mars 1983 til 20. september s.á., en tók þá launalaust leyfi í 10 daga frá 20. september til 30. september s.á. Hóf stefnandi síðan vinnu aftur 1. október 1983 og vann til 1. desember 1983. Þá tók stefnandi aftur

launalaust leyfi frá 1. desember 1983 til 20. janúar 1984, en hóf síðan aftur vinnu 20. janúar 1984 og vann til 31. mars s.á. Samanlagt gerir tími þessi rúma 12 mánuði og á því tímabili er stefnandi í launalauslu leyfi í 61 dag.

Ekki eru aðilar sammála um með hvaða hætti ráðningarslit urðu, hvorki hvað þar lá að baki né hvernig að þeim var staðið. Stefnandi heldur því fram að í lok marsmánaðar 1984 hafi stefndi komið og beðið hana að hætta er hún hefði lokið við sína vakt. Við vaktarlok hafi stefndi aftur komið til stefnanda og kvaðst stefnandi þá hafa beðið um uppsagnarbréf en stefndi sagst að stefnandi ætti ekki rétt á því. Upp úr þessu hætti stefnandi að vinna hjá stefnda. Stefnandi telur að rekja megi ástæðuna fyrir ráðningarslitum til þess að hún og samstarfsstúlka hennar, Valgerður Eyjólfsdóttir, hafi leitað til Verslunarmannafélags Vestmannaeyja til að fá leiðréttingu á launakjörum til samræmis við kjarasamninga. Þær hafi talið að stefndi hafi sniðgengið kjarasamninga við launagreiðslur til þeirra þeim í óhag. Um það hafi verið að ræða að fá einn aukafrídag í mánuði til jöfnunar á lengd vakta, greiðslu á helgidagakaupi fyrir unna helgidaga og kaup fyrir unna matar- og kaffitíma. Sama dag og þær hafi sett þessar kröfur fram hafi stefndi sagst sér upp störfum. Stefnandi hafi hins vegar ekki minnst á það að hann væri óánægður með veru barna hennar á og við starfsstað fyrr en eftir að hann hafi verið búinn að segja henni upp starfi.

Stefndi heldur því hins vegar fram að stefnanda hafi alls ekki verið sagt upp starfi heldur hafi hún ekki gefið kost á vinnuframlagi sínu þegar hann hafi gert henni ljóst að það gæti ekki gengið að hún tæki börn sín með sér í vinnuna.

Verða nú raktir í stuttu máli framburðir þeirra sem komu fyrir dóminn við aðalflutning.

Stefndi Jón Ingi Guðjónsson kvað stefnanda og samstarfsstúlku hennar, Valgerði Eyjólfsdóttur, hafa verið ráðnar til starfa í Blaðaturninum við Bárustíg í Vestmannaeyjum eftir þeim skilmálum sem um hafi samist og eftir þeim reglum sem þar hafi gilt. Hins vegar kvað hann sér náttúrlega skylt að hlíta kjarasamningi sem aðilar vinnumarkaðarins sendu um á því sviði sem næði til starfsemi hans.

Vitnið Valgerður Helga Eyjólfsdóttir, sem starfaði samtímis stefnanda í Blaðaturninum á vöktum á móti henni, staðfesti að stefnandi hefði ásamt vitninu farið fram á það við stefnda að fá leiðréttingu á launakjörum í samræmi við það sem þær vissu að aðrir fengju og nefndi vitnið sérstaklega greiðslu vegna helgidaga. Vitnið sagði að þær hefðu fyrst talað við formann Verslunarfélags Vestmannaeyja og hefði hann sagt að krafa þeirra væri réttmæt. Taldi vitnið að þetta hafi verið ástæðan fyrir því að stefnanda var sagt upp störfum, en stefnandi hefði hringt í sig og sagt að búið væri

að segja sér upp. Vitnið sagði að þær hefðu enga leiðréttingu fengið á launakjörum, en sér hafi líka verið sagt upp starfi í kjölfar þess að vitnið fór af stað með það sama. Sér hafi að vísu verið sagt upp með uppsagnarfresti, en á þeim forsendum að það væri verið að draga saman í fyrirtækinu og það ætti að fækka fólki og þau ætluðu að vinna sjálf. Vitnið vissi ekki til að nein vandræði hefðu orðið með vinnu stefnanda vegna barna hennar, enda skildist vitninu að samkomulag hefði verið milli stefnanda og stefnda um að þau mættu koma þarna við.

Steinunn Guðmundsdóttir, sambýliskona stefnda, lýsti ráðningu stefnanda og kvað þau stefnda hafa séð um þann þátt í samningu.

Vitnið Rebekka Katrín Hagalínsdóttir, sem starfaði í Bládaturninum á þeim tíma sem hér um ræðir, kvað börn stefnanda oft hafa verið inni í búðinni hjá stefnanda, en kvaðst ekki vita hvort amast hafi verið við því af hálfu stefnda.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum að um sé að ræða skaðabætur sem jafngildi launum í uppsagnarfresti, sem sé í þessu tilfelli þrjú mánuðir. Að öðru leyti miði stefnandi skaðabótakröfu sína við síðustu mánaðarlaun sín. Þótt deilt sé um málsatvik, þá haldi stefnandi því fram og telji sannað að um fyrirvaralausa, ólögmeta uppsögn hafi verið að ræða. Gildandi kjarasamningur kveði á um rétt stefnanda til uppsagnarfrests, enda styðjist samningurinn við stefnumarkandi ákvæði í 1. gr. laga nr. 55/1980, en þar segi að laun og önnur starfskjör sem aðildasamtök vinnumarkaðarins semji um skuli vera lágmarkskjör og samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skuli vera ógildir. Börn stefnanda séu óviðkomandi þessu máli, enda hafi þau ekki verið til ama eða yfir þeim kvartað á meðan stefnandi var í vinnu hjá stefnda. Eftir að stefnandi hafi hins vegar verið hætt í vinnu hjá stefnda hafi börnin orðið ágreiningsefni. Sérstaklega beri að áréttast að eftir að stefnandi, Kristín, hafi hafið störf aftur 20. janúar 1984 hafi hún haldið þeim réttindum er hún hafi verið búin að vinna sér inn er hún fór í leyfið 1. desember 1983 í samræmi við grundvallarregluna um að áunnin réttindi haldist. Stefndi hafi ennfremur í samræmi við 1. gr. laga nr. 19/1979 átt að segja stefnanda upp störfum skriflega. Það hafi hann hins vegar ekki gert og bæri nú fyrir sig að um enga uppsögn hafi verið að ræða. Það geti hins vegar engan veginn staðist, enda bersýnilega í andstöðu við 10. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla. Þá sé ennfremur þess að geta að stefnandi haldi hinu gagnstæða fram í aðilaskýrslu. Stefndi telji þar að ástæðan fyrir því að stefndi hafi sagt sér fyrirvaralaust upp starfi hafi verið sú að hún og vitnið Valgerður hafi með aðstoð síns stéttarfélags reynt að fá leiðréttingu launa sinna með þeim árangri, að þeim hafi verið sagt

upp starfi. Framburður vitnisins Valgerðar fyrir dóminum styðji þessa fullyrðingu stefnanda.

Af hálfu stefnda er á því byggt að stefndi hafi aldrei sagt stefnanda upp starfi. Stefnandi hafi sjálf hætt þegar hún hafi gert sér grein fyrir að það yrði ekki liðið að hún hefði börn sín hjá sér í vinnunni. Stefnandi og stefndi hafi komist að samkomulagi um að hún hætti störfum. Krafa stefnanda í máli þessu um uppsagnarfrest fái þannig ekki staðist. Stefnandi geti ekki byggt á 2. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1979, þar sem það ákvæði gildi ekki um uppsagnarfrest, þar sem um hann geti atvinnurekandi og launþegi samið eins og hér hafi verið gert. Ákvæði í 12.1.1. í tilvitnuðum kjarasamningi eigi af sömu ástæðum heldur ekki við.

Stefndi byggi varakröfu sína annars vegar á því að stefnandi, Kristín, hafi ekki verið fastráðin, að minnsta kosti ekki fyrr en eftir 20. janúar 1984, og þá sé uppsagnarfrestur í hennar tilviki aðeins ein vika. Þá beri einnig á það að líta að stefnandi hafi byrjað aftur að vinna í maí. Tjón Kristínar geti því aldrei verið meira en einn mánuður og beri að miða fjárhæð skadabóta til hennar við það.

Niðurstaða:

Líta verður svo á að aðiljar hafi í lögskiptum sínum, eftir því sem við gat átt hverju sinni, verið háð ákvæðum kjarasamnings verslunarmanna og vinnuveitenda frá 30. júní 1982. Óumdeilt virðist í málinu að á samnings- tímanum gerðu aðiljar ekki með sér skriflegan ráðningarsamning. Ennfremur er ágreiningslaust með aðiljum að stefnandi hóf störf hjá stefnda í mars 1983 og að vinnu stefnanda hjá stefnda lauk í lok mars 1984. Í aðiljaskýrslu tilgreinir stefnandi starfstíma sinn og þykir mega miða við þá tilgreiningu sem þar kemur fram, enda henni ekki andmælt af hálfu stefnda.

Fallast má á það með stefnanda að við slit á ráðningarsamningi hafi stefnandi átt rétt á uppsagnarfresti, enda hefur stefnda ekki tekist að sýna fram á að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til slíks uppsagnarfrests með vitaverðri vanrækslu í starfi eða að stefnandi hafi glatað rétti til slíks uppsagnarfrests með öðrum hætti. Viðvera barna stefnanda á vinnustað og þær deilur sem síðar af henni spruttu milli stefnanda og stefnda breyta í engu ofangreindri niðurstöðu. Allan vafa í þessu sambandi verður ennfremur að skýra stefnda í óhag, þar sem hann hafði full tæk á því á samningstímanum að ganga svo tryggilega frá ráðningu stefnanda og síðar ráðningarslitum að ekki spryttu síðar deilur þar af. Af þessu leiðir að það sjónarmið stefnda að hann hafi aldrei sagt stefnanda upp störfum kemur ekki hér til álita, né verður það tekið til greina. Þess skal getið að stefnandi heldur því fram að stefndi hafi sagt sér upp störfum og fær það sjónarmið stefnanda stuðning í framburði vitnisins Valgerðar Eyjólfsdóttur.

Kemur þá til álita hversu langan uppsagnarfrest stefnandi hafði áunnið sér er til ráðningarslita kom og hve háar skaðabætur stefnda ber að greiða stefnanda vegna öðgmætra ráðningarslita.

Í samræmi við það sem að framan greinir um starfstíma stefnanda hjá stefnda á samningstímabilinu og með vísan til greinar 12.1.1. í tilvitnuðum kjarasamningi frá 30. júní 1982, verður að líta svo á að stefnandi hafi við ráðningarslit átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Orlof það er stefnandi tók á samningstímabilinu, að því er virðist með fullri heimild stefnda, verður ekki metið stefnanda til frádráttar í þessu sambandi, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979.

Gegn andmælum stefnanda þykir ekki fært að taka til greina framsetta skuldajafnaðarkröfu að fjárhæð kr. 2.362,00, en af hálfu stefnanda er því haldið fram að reikningar þeir sem krafan byggist á séu stefnanda óviðkomandi. Þessir reikningar eru að öðru leyti mjög ruglingslegir og skortir kröfuna þannig nauðsynlegan skýrleik til þess að hægt sé að taka hana til greina. Þar sem stefndi hefur ekki gagnstefnt fyrir kröfu þessari verður sjálfstæðs dóms eigi krafist um hana, sbr. 49. gr. laga 85/1936. Tölulegum útreikningi stefnanda í stefnukröfu hefur stefndi ekki mótmælt og þykir mega við þann útreikning miða í niðurstöðu.

Vextir reiknast eins og krafist er að öðru leyti en því, sem hér greinir: Þótt með auglýsingum Seðlabanka Íslands frá 18. janúar 1985 og 21. febrúar s.á. hafi vanskilavextir verið gerðir valkvæðir, mánaðarvextir eða ársvextir, þá er ljóst, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 21. febrúar 1985, að einungis er heimilt að beita einum og sama kostinum á sömu skuld frá því hún féll í gjalddaga (varð gjaldkræf) til greiðsludags. Samkvæmt því verður að telja, að vanskilavextir af skuld þessari eigi að vera ársvextir út allt vanskilatímabilið.

Niðurstaða málsins verður því sú að stefnda, Jóni Inga Guðjónssyni, nnr. 5134-4618, ber að greiða stefnanda, Kristínu Jónasdóttur, nnr. 5759-4179, kr. 56.699,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól árlega eins og krafist er í stefnu, í fyrsta sinn 1. júlí 1985, sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 23/1986 og 252/1984, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands frá 18. janúar 1985 og síðar.

Í samræmi við úrslit máls þessa, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 85/1936,

skal stefndi greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 35.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Ingi Guðjónsson, nnr. 5134-4618, greiði stefnanda, Kristínu Jónasdóttur, nnr. 5759-4179, kr. 56.699,00 með 19% ársvöxtum frá 1. júlí 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja skal áfallna vexti (vanskilavexti) við höfuðstól skuldarinnar við vaxtareikning á 12 mánaða fresti, talið frá 1. júlí 1985.

Stefndi greiði stefnanda kr. 35.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fögetaréttar Vestmannaeyja 24. september 1987.

Ár 1987, fimmtudaginn 24.09., er fögetaréttur Vestmannaeyja háður í skrifstofu réttarins Heimagötu 35 af Jóhanni Péturssyni f.h. bæjarfögeta að viðstöddum undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið fögetamálið nr. 226/1987. Fjárnám að ósk hrl. Arnmundar Backman. Gerðarbeiðandi Kristín Jónasdóttir.

Gerðarþoli Jón Ingi Guðjónsson.

Fögeti leggur fram og þingmerkir: nr. 1 gerðarbeiðni dags. 20.08. 1987, nr. 2 dóm uppkveðinn hinn 09.06.'87 á bæjarþingi Vestmannaeyja.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Halldór Birgisson lögfræðingur og krefst fjárnáms í eignum gerðarþola svo nægi til tryggingar fjárnámskröfunum: kr. 56.699,00 með 19% ársvöxtum frá 01.07. 1984 til 01.01. 1985, með 32% ársvöxtum frá þ.d. til 01.02. 1985, með 45% ársvöxtum frá þ.d. til 01.03. 1985, með 48% ársvöxtum frá þ.d. til 01.06. 1985, með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 01.09. 1985, með 45% ársvöxtum frá þ.d. til 01.03. 1985, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 01.03. 1987, en með 30% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, kr. 35.000,00 í málskostnað, kr. 1.245,00 í endurrit, birtingu og kr. 1.610,00 ritun gerðarbeiðni auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétturinn var nú fluttur að: Helgafellsbraut 31, heimili gerðarþola, en enga er þar að finna.

Fyrir gerðarþola er mættur Ragnar Ólafsson, starfsmaður bæjarfógeta, og samþykkir að gerðin fari fram og verði lokið hér á staðnum, en kveðst hins vegar ekki geta greitt fjárnámskörfurnar.

Fógeti skoraði þá á mætta að benda á eignir til fjárnáms og brýndi fyrir mættum, að það gæti varðað refsingu að skýra rangt frá fyrir réttinum. Fógeti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar. Var þá bent á og upp skrifað:

Helgafellsbraut 31, þinglýst eign gerðarþola.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði fjárnám í framangreindu til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda, að geymdum betra rétti þriðja manns, og brýndi fyrir mættum að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, að í bága bryti við gerð þessa og rétt gerðarbeiðanda, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Mánudaginn 31. október 1988.

Nr. 60/1988. **Ingibjörg Pálsdóttir**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Fasteignaþjónustunni

(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Fasteignasala. Kröfugerð. 45. gr. laga nr. 25/1973.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1988. Hún krefst aðallega frávisunar frá héraðsdómi, en til vara sýknu af kröfum stefndu. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.